



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ártúnsskóli - leikskóladeild

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026.....	4
	Innra mat.....	4
	Ytra mat	6
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	9
4.	Starfsþróunarsamtöl	10
5.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.....	10
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	11
7.	Foreldrasamstarf	13
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	14
9.	Þróunarverkefni.....	15
10.	Fylgiskjöl:.....	15
	10.1 Innra mat deilda 2026 - 2027	15
	Styrkleikar.....	15
	Tækifæri	16
	10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027	17
	10.3 Umsögn foreldraráðs	20

1. Greinargerð leikskólastjóra

Að hefja leikskólastarf í haust var ánægjulegt og mikilvægur þáttur var að ekki var mikil endurnýjun í starfsmannahópnum, margir lykilstarfsmenn frá fyrra skólaári voru áfram við störf. Því var hægt að halda áfram með faglega starfið sem var byrjað að vinna með ári áður. Áhersla var lögð á að festa betur í sessi viðburði og starf sem við viljum hafa í forgrunni eins og markvissa málörvun, félagsfærni og aukna hreyfingu barna og upplifun í útiveru.

Um áramót tók nýr deildarstjóri við Árholti. Deildarstjórinn kom úr hópi starfsmanna svo hún þekkti vel til og fór strax í að gera deildina að sinni og að úthluta starfsfólki ný verkefni og ábyrgð á þeim.

Það skyggði verulega á að starfsmaður leikskólans sem var á besta aldri sem var búin að vera að kljást við alvarleg veikindi féll frá um vorið. Þetta reyndist starfsfólki eðlilega afar þungbært.

Barnahópurinn á leikskólanum er líkt og síðustu ár með fjölbreyttan menningarbakgrunn og í starfi leikskólans verður því áfram lögð áhersla á félagsfærni og tungumálið og að börnin upplifi sig sem hluta af góðum hópi sem fæst daglega við verkefni leikskólans sem þau sjálf fá að vera þátttakendur í að móta. Málörvun og vinna með tungumálið verður því áfram leiðarljós í faglega starfi vetrarins. Verður það gert með aukinni fræðslu til starfsfólks og byggt ofan á það sem búið er að leggja grunn að síðustu tvö ár. Samstarf leikskóla og grunnskóla deildar Ártúnsskóla hefur verið með ágætum undanfarin ár en þar eru enn sóknarfæri og verður bætt þar í á næsta skólaári, meira samstarf deildanna og viðvera barna á deildunum fleiri og fjölbreyttari. Í ár hófst samstarf við fótboltadeild Fylkis, Fylkir var með fótboltaæfingar í íþróttahúsi Ártúnsskóla snemma að morgni dags fyrir tvo elstu árganga leikskólans og verður framhald þar á næsta vetur. Skipulagið hefur verið þannig að börnin mæta í leikskólann sinn og starfsmenn Ártúnsskóla fylgir þeim yfir í íþróttahúsið á æfingu og sækja svo hópinn að æfingu lokinni.

Haldið hefur verið áfram að bæta vinnuaðstæður starfsfólks og barna með því að gera leikrými aðgengilegri, gera þau snyrtilegri og taka út eldri innréttingar. Húsnæði leikskóladeildar er komið til ára sinna og þörf er á á endurnýjun á húsnæðinu auk þess sem að á vordögum þurfti að loka tveimur rýmum vegna rakaskemmda sem

kemur sér afar illa því þrengsli eru mikil fyrir og starfsmenn sem sinna sérkennslu og stuðning eru ekki með aðstöðu við hæfi og í raun og veru á hrakhólum hvað rými varðar.

Stjórnendur skólans horfa jákvætt til næsta skólaárs með fullmannaðann leikskóla að hausti með starfsmenn sem eru tilbúin að vinna vel og leggja sig fram fyrir börnin á leikskólanum. Þetta er dýrmæt staða sem við erum þakklátar fyrir og því er tilhlökkun fyrir skólaárinu og verkefnum næsta vetrar.

Ellen Gísladóttir, skólastjóri Ártúnsskóla

Hanna Sóley Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar Ártúnsskóla

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var matið?	Málörvun/Náttúruleg kennsla/Orð eru ævintýri
Hvernig fór matið fram?	Matið fór aðallega fram á deildarstjóra fundum sem voru mánaðarlega á dagskrá. Á fundunum var rætt um hvernig gengið hefur á hverri deild fyrir sig og skipst á skoðunum og hugmyndum til að allar deildar gætu nýtt sér það sem gengi vel. Deildarstjórar á Háholti og Lágholti telja að vinna með málörvun sé að skila ágætum árangri. Því til stuðnings má nefna niðurstöður á Hljóm 2 og Tras að framfarir eru góðar yfir veturinn.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Skólastjórnendur, sérkennslustjóri og deildarstjórar.

(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Helstu niðurstöður eru að vinna vetrarins í málörvun hafi skilað góðum árangri en hér er tækifæri til að meta oftari og fjölbreyttari, s.s. fylgjast með börnunum í leik og verkefnavinnu og halda skráningu um orðaforða yfir fyrir fram ákveðið tímabil.

Hvað var metið?	Samvinna
Hvernig fór matið fram?	Ekki reyndist grundvöllur fyrir samvinnu deilda, áhersla fór í að festa í sessi þætti í starfinu sem hófst árið áður.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Þessi þáttur var ekki metin.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vilji er til að auka samvinnu milli deilda á skólaárinu 2026 - 2027.

Hvað var metið?	Lög mánaðarins
Hvernig fór matið fram?	Ekki fór fram formlegt mat en aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og starfsmenn fundu vel fyrir því í söngstundum og vikulegum söng á sal hve mikið það gaf börnunum að kunna lögin sem voru sungin og geta því tekið þátt af lífi og sál.

Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mánaðarlög eru komin til að vera, þó einhverjar smávægilegar breytingar verði á lagavali.

Ytra mat


Viðhorfskönnun starfsmanna á vegum Reykjavíkur var lögð fyrir í október 2025 og niðurstöður bárust til stjórnenda í febrúar 2026. Þegar litið er yfir matið er greinilegt að starfsfólk er ánægt og stolt af vinnustaðnum sínum. Þættir sem ekki komu vel út eru vinnuskilyrði og launakjör, allt þættir sem erfitt er að hafa áhrif á. Ánægja er með stjórnun og einnig kemur starfsandi vel út og er hærri en á leikskólum Austurmiðstöðvar.

Ímynd leikskólans fer á tveimur árum frá því að vera undir meðaltali í að vera komin yfir meðaltal.


Hér fyrir neðan má sjá nokkur atriði úr niðurstöðum viðhorfskönnunar frá hausti 2025.

Ártúnsskóli - leikskóli

Hæstu 5




Lægstu 5



Ímynd

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

■ Ártúnsskóli - leikskóli ■ Austurmiðstöð - leikskólar




Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“

Ímynd

Niðurstöður eru ekki birtar ef n=5

Ártúnsskóli - leikskóli




Þróun



Fagumhverfiskönnun var lögð fyrir starfsmenn skólans á skólaárinu. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður um spurningum þar sem spurt er hve oft viðkomandi starfsmaður geri eftirfarandi í starfinu. Þarna sjáum við sóknarfæri til að efla góða starfshætti í vinnu með börnum eins og að nálgast þau í augnhæð og gefa þeim meiri og sterkari rödd í starfinu.

Hversu oft gerir þú eftirfarandi?

Hatt skor þýðir oft og lágt skor sjaldan.



Ekki fór fram annað ytra mat svo sem foreldrakönnun en hún er lögð fyrir á tveggja ára fresti.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfstæði deildarstjóra, vinnubrögð og ábyrgð Vinna á fjölbreyttan hátt með tungumálið Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær Halda áfram að kynna starf leikskólans fyrir hlutaðeigandi með jákvæðni og hugulsemi í garð barna að leiðarljósi.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Deildarstjórar verði öruggari í vinnu sinni og stjórnun á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leiðsögn og fræðsla Kynning og námskeið á vegum Barnaheilla
Ábyrgð	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vinna hefst í september og stendur yfir allt skólaárið.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Vinnan verður metin með samtali starfsmanna, skráning á framförum barna í samskiptum og tjáningu. Rýnihópar starfsmanna meta vinaverkefnið um Blæ
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við	Aukið sjálfstraust deildarstjóra og sjálfstæðari vinnubrögð. Viðmið um árangur, að efla félagsfærni barna og samkennd.

til að meta hvernig tókst að ná markmiði

Framfarir með tungumálið, metið á Hljóm 2, LÆM og TRAS

Hæfnirammar í íslensku sem annað tungumáli

4. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtölin fóru fram í apríl, starfsfólk fékk fyrir fram ákveðið skipulag með spurningum þannig að starfsfólk kom vel undirbúið í viðtal. Viðtölin fóru flest fram á skrifstofu leikskólastjóra og önnur í rými í grunnskólanum. Allir starfsmenn leikskólans komu í viðtal til stjórnanda og áttu góð og vel upplýst viðtöl. Starfsmenn segja að þeim líði vel í vinnunni og hugsa sér ekki til hreyfings heldur kom nokkuð oft fram í viðtölunum að þeir óski eftir meiri ábyrgð í starfi. Verið er að verða við því með endurskipulagningu og í samvinnu við deildarstjóra.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Símenntunaráætlun Ártúnsskóla á við allar þrjár deildir skólans. Þar er að finna sameiginlega fræðslu sem er fyrir alla starfsmenn og svo einnig sérhæfðari fyrir hverja deild skólans. (sjá viðhengi 1)

Námskeið í skyndihjálp verður í febrúar þar sem að tvö ár eru liðin frá síðasta námskeiði. Í framhaldi af því að starfsmenn óska eftir að fá meiri ábyrgð í starfsþróunarsamtölum að hafa meira um starfið að segja var ákveðið að allir starfsmenn fengju fræðslu Barnaheilla um Blæ, vináttuverkefni. Unnið hefur verið með Blæ á leikskólanum en verkefnið hefur ekki náð að festast nægilega vel í sessi og því tímabært að fá aftur fræðslu fyrir starfsmannahópinn. Unnið verður þétt með málþroska barnanna og þar verður leitað til sérfræðinga á Austurmiðstöð ásamt Miðju máls og læsis. Í maí mánuði 2027 er stefnt á að starfsmenn Ártúnsskóla fari í námsferð út fyrir landsteinana. Undirbúningur er hafinn og áherslur ferðarinnar verða málþroski, læsi og útinám auk þess að þétta starfsmanna hópinn saman.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Árlega er gerður samstarfssamningur á milli grunnskóla- og leikskóladeildar að hausti. Hann stuðlar að því að auka samskipti og samvinnu og að auðvelda tilfærslur nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskólann.

Eins og áður hefur komið fram nýtir leikskólinn íþróttahús grunnskólans.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
6. október kl. 10:05	4. bekkur - vinabekkur leikskólans kemur að leika á lóð leikskólans	Leikskólinn	Leikskólastjóri og umsjónarkennari 4. bekk
15. október kl. 9:05	Mánahópur (elstu börnin) heimsækja 1. bekk	1. bekkjarstofur, Ártún og Árbær	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og umsjónarkennari 1. bekk
20. október kl. 9:05 og kl. 9:35	Sögustund á bókasafni grunnskóla	Bókasafn grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og bókasafns starfsmaður
12. nóvember kl. 10:10	Háholt í heimsókn í 4. bekk	4. bekkjarstofa	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og umsjónarkennari 4. bekk
19. nóvember kl. 9:05	Mánahópur heimsækir frístund Skólasel	Skólasel	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og forstöðumaður í frístund
27. nóvember kl. 8:25	Mánahópur fer á samveru hjá 1. bekk í grunnskólanum	Salur grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og aðstoðarskólastjóri grunnskóla
9. desember kl. 10:05	Baka í heimilisfræði	Heimilisfræðistofa grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og kennari í heimilisfræði
10. desember kl. 9:05	1. bekkur heimsækir leikskólann	Leikskóladeild	Leikskólastjóri og umsjónarkennari í 1. bekk

15. desember kl. 9:05	4. bekkur heimsækir leikskólann að lesa og leika við börnin	Leikskóladeild	Leikskólastjóri og umsjónarkennari í 4. bekk
19. janúar kl. 14:10	Fundur til að skipuleggja hringekju á vorönn með Háholti, 1. bekk og frístund	1. bekkjarstofa	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts, forstöðumaður í frístund og umsjónarkennari í 1. bekk
26. janúar kl. 9:05 og 9:35	Háholt í sögustund á bókasafni grunnskóla	Bókasafn grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og bókasafns starfsmaður
4. febrúar kl. 10:10	Háholt heimsækir 4. bekk	4. bekkjarstofa	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og umsjónarkennari í 4. bekk
2. mars kl. 9:05 og kl. 9:35	Háholt í sögustund á bókasafni grunnskóla	Bókasafn grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og bókasafns starfsmaður
11. mars kl. 9:05	Mánahópur heimsækir Skólasel	Frístund - Skólasel	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og forstöðumaður í Skólaseli
18. mars kl. 9:05	Mánahópur heimsækir 1. bekk og fer í frímínútur	1. bekkjarstofur Ártúns og Árbær	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og umsjónarkennari í 1. bekk
14. apríl kl. 10:05	Mánahópur bakar í heimilisfræði	Heimilisfræðistofa grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og kennari í heimilisfræði
21. apríl fyrir hádegi	Íþróttadagur	grunnskóli og leikskóli	Leikskólastjóri og skólastjóri
29. apríl kl. 9:05	Mánahópur heimsækir Skólasel	Frístund - Skólasel	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og forstöðumaður í Skólaseli
11. maí kl. 9:05 og kl. 9:35	Háholt í sögustund á	Bókasafn grunnskóla	Leikskólastjóri, deildarstjóri Háholts og bókasafns starfsmaður

	bókasafni grunnskóla		
14. maí kl. 8:25	Háholt á samveru hjá 1. bekk í grunnskólanum	Salur grunnskóla	Leikskólastjóri
19. maí kl. 10:05	1. bekkur heimsækir leikskóladeild að leika úti	Útisvæði leikskóla	Leikskólastjóri og umsjónarkennari í 1. bekk
24. - 28. maí kl. 11:20	Mánahópur borðar hádegismat í sal grunnskóla með 1. og 2. bekk	Salur í grunnskóla	Leikskólastjóri og aðsotoðarskólastjóri
25. maí kl. 9:05	4. bekkur í heimsókn í leikskólann að lesa og leika	Leikskóladeild	Leikskólastjóri og umsjónarkennari í 4. bekk

7. Foreldrasamstarf

Lagt hefur verið upp með að stjórnendur séu sýnilegir og áfram unnið með gott og aukið upplýsingaflæði til foreldra, bæði frá stjórnendum og deildastjórum. Markvisst hafa stjórnendur tekið á móti börnum og foreldrum í upphafi og við lok dags, gefið sig á tal við foreldra og sýnt áhuga. Við sendum á tveggja vikna fresti póst til foreldra frá stjórnendum. Vikulega sendu deildarstjórar bréf til foreldra þar sem upplýst er um það sem var unnið á deildum og það sem er framundan. Áhersla var lögð á að efla foreldrasamskipti og starfsmenn hvattir til að gefa sig að foreldrum í upphafi og lok dags.

Foreldraviðtöl voru við foreldra nýrra barna í ágúst og september, fyrir aðlögun. Önnur foreldraviðtöl áttu sér stað í október. Eftir áramót voru foreldraviðtöl í maí, mjög vel var mætt í öll viðtölin. Í viðtölunum kom fram jákvæð umræða um starfið á leikskólanum og ánægja foreldra.

Í Ártúnsskóla er eitt skólaráð. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu

bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Við samrekin skóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fundar að jafnaði fimm til sex sinnum á ári. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Foreldrafundir fara fram einu sinni á haustönn og er þá um að ræða foreldrakynningar fyrir deildirnar í leikskólanum.

Í Ártúnsskóla starfar eitt foreldrafélag. Þar eru meðlimir allir foreldra barna í leik- og grunnskólahluta. Mikið og gott samstarf er við foreldrafélagið og auðveldar boðleiðir.

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins hafa verið m.a. jólaföndur, páskabingó, hrekkjavökuball og vorverkadagur. Foreldrafélagið greiðir einnig jólaskemmtun og á þessu skólaári var ákveðið að breyta til, fengum við Skjóðu og Langlegg í heimsókn og nutu börnin sín vel og höfðu gaman af. Á vorhátíð greiðir foreldrafélagið fyrir skemmtiatriði og var það BMX – brós sem komu og skemmtu börnum og starfsfólki. Vorið 2026 greiddi foreldrafélagið fyrir sveitaferð fyrir leikskólabörnin rútu á sveitabæ sem heitir Miðdalur, þó nokkrir foreldrar komu með og komu þau á einkabílum. Ferðin var stór skemmtileg og nutu börnin sín vel bæði við að skoða öll dýrin sem og leika úti í leiktækjum. Tekin hefur verið ákvörðun að fá Krakkahesta í heimsókn í leikskólann annað hvert ár og fara í sveitaferð hitt árið.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Fimm starfsdagar leikskólans eru á sama tíma og starfsdagar grunnskóladeildar Ártúnsskóla og þar af þrír sameiginlegir í hverfinu.

Starfsdagar skólaársins 2026 – 2027 eru:

30. september 2026: Fræðsla um svefn. Starfsmannafundur og fleira.

10. nóvember 2026 (eini dagurinn sem er ekki sameiginlegur með grunnskólanum):

Fræðsla frá Barnaheill varðandi Blæ vináttufærni.

5. febrúar 2027: Skyndihjálp og vinna á deildum

27. apríl 2027: Menntastefnumót SFS

5. maí og 7. maí 2027: Námsferð erlendis, leik-, grunnskóli og frístund.

Leikskóladagatal sjá fylgiskjal 2.

9. Þróunarverkefni

Ekki er komið á dagskrá að vinna þróunarverkefni fyrir næsta skólaár.

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda 2026 - 2027

Deildir leikskólans verða aftur á næsta skólaári með sameiginlega umbótaáætlun. Við teljum að innra matið sé best þannig fyrir komið þar sem að deildarstjórar og starfsmenn eru ekki með áralanga reynslu af stjórnun og þurfa á því að halda að vinna að sömu þáttum og geta þannig stutt hver við annan í vinnunni. Okkar trú er að það komi til með að veita okkur enn betra tækifæri til að efla samstarf og stuðla að samfelldum þræði í námi og leik barnanna. Með auknu samstarfi og samtali milli starfsfólks aukast líkur á meiri skilningi og starfsánægju sem skilar sér í auknum gæðum til barnanna. Áfram verður líkt og áður hefur komið fram lögð áhersla á málþroska og hreyfingu. Á síðasta ári var lagður grunnur að að vinnu með málþroska og aukna hreyfingu í leikskólagangi barnanna. Starfsmenn hafa öðlast sjálfstraust í vinnu með börnunum og teljum við mikilvægt að hlúa að þeirri stöðu og bæta ofan á þekkingu þeirra og færni. Tekin verða skref í innra mati með skráningu í áhorfi á leik barna og tjáningu þeirra á milli. Þetta verður gert um það bil þrisvar sinnum yfir skólaárið til að geta metið framfarir. Starfsmenn hafa öðlast þekkingu á að stýra hreyfingu barna bæði í íþróttahúsi á sal og í útiveru. Deildarstjórar og starfsmenn sem hafa umsjón með stýrðri hreyfingu munu gera kennsluáætlanir fyrir hreyfi stundir.

Styrkleikar

Útivera er einn af okkar styrkleikum. Við nýtum nærumhverfið og leikskólagarðinn til

að hvetja börnin til að klifra, hlaupa og kanna ójöfn landsvæði, sem styrkir fínhyfingar og grófhreyfingar í náttúrulegu umhverfi.

Hreyfi þroski er samfinn daglegum athöfnum, eins og þegar börnin æfa sig að klæða sig sjálf, ganga stiga eða leggja á borð, sem eflir fínhyfingar, samhyfingu og sjálfstraust.

Hreyfing í íþróttasal sem og á deildum: Á deildunum er lögð rík áhersla á markvissa hreyfingu daglega, bæði inni og úti. Íþróttasalur grunnskóla er nýttur þannig að hver deild fer þangað þriðju hverja viku. Við nýtum íþróttasalinn og þar frá börnin tækifæri til að reyna á grófhreyfingar, jafnvægi og líkamsvitund með fjölbreyttum þrautabrautum og leikjum.

Við leggjum metnað í málörvun í daglegu starfi. Bóklestur og sögugerð eru nýtt markvisst á deildum. Við leggjum áherslu á samræðulestur þar sem spurt er út í myndirnar og textann, sem dýpkar skilning barnanna og hvetur þau til virkrar tjáningar. Starfsfólk deildanna er meðvitað um hlutverk sitt sem málarslegar fyrirmyndir. Við setjum orð á hluti og tilfinningar í leiknum, hlustum af athygli á börnin og hvetjum til umræða í litlum hópum.

Við teljum það styrkleika deildanna hve vel okkur tekst að samþætta hreyfingu og málþroska. Í gegnum hreyfileiki, hlutverkaleiki og útinám vinnum við með hugtök (t.d. *yfir, undir, í kringum, hratt, hægt*) þar upplifa börnin merkingu orðanna með líkamanum áður en hún festist í orðaforðanum.

Tækifæri

Við sjáum tækifæri í því að nýta nærumhverfi leikskólans betur eins og með heiti á gróðri, kennileiti í Elliðaárdalnum og í nærumhverfi leikskólans. Þar má einnig á markvissari hátt ögra grófhreyfingum og jafnvægi barnanna í ójöfnu undirlendi. Við sjáum tækifæri í að innleiða stuttar, skipulagðar hreyfistundir (t.d. jógasögur eða dýrahermingar) inn í starf litlu hópanna inn á deildum. Hreyfing stuðlar að aukinni vellíðan leikskólabarna. Að stundirnar ýti undir aukna færni þeirra í félagslegum samskiptum, úthaldi, auka jákvæðni til hreyfingar og sjálfstæða hugsun.

Tækifæri liggja í að dýpka notkun okkar á málörvunargögnum eins og Lubbi finnur málbein og tákn með tali og tryggja að allir starfsmenn noti þau með samræmdum hætti.

Við viljum leggja áherslu á að vera meðvitaðri málfarslegar fyrirmyndir fyrir börnin í frjálsum leik, sitja meira hjá þeim, spyrja opinna spurninga í kringum það sem þau eru að fást við hverju sinni. Við sjáum einnig sóknarfæri í að styrkja enn frekar samskipti á milli heimilis og leikskóla með því að deila meira en nokkrum lögum úr söngstund heldur stefna á mánaðarlegum orðaforða, vísum eða sögum sem foreldrar geta rætt við börnin um heima, sem styður við tvítyngd börn og málproska almennt.

10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Deild/aldur barna	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss málörvun, Lubbi finnur málbein Tákn með tali, markvissari innleiðing og vinna Orð eru ævintýri
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Aukin færni barna með tungumálið, skilning og tjáningu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera Lubbi finnur málbein aðgengilegra, betur skipulagt eftir aldri. Allur aldur þarf ekki að æfa öll málhljóð heldur fer það eftir aldri barna. Halda áfram samtali og ráðleggingum inn á deildar hvernig er hægt er að gera kennslu sem fjölbreytasta t.d. með að taka Lubba stund úti í náttúrunni. Erum komin af stað en þarf meira markvisst að vinna með innlögnina, gera tákn með tali hluta að starfi leikskólans. Innleiða tákn með tali með þeim t.d. fataklefi, matartíminn og fleira. Til er gott efni á leikskólanum úr Orð eru ævintýri og koma því efni betur inn á allar deildar. Notast við bækur og önnur kennslugögn sem til eru í verkefninu.

Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráning í áhorfi, leik barna. Viðtal við börn Rýnihópar starfsmanna Niðurstöður á Hljóm 2, LÆM, TRAS þar sem það á við. Hæfniramar í íslensku sem annað tungumál
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið er að börnin sýna framfarir á tímabilinu, aukin geta á tjáningu, bæði skýrleika og orðaforða.

Deild/aldur barna	Háholt, Lágholt og Árholt
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hreyfing og hreysti barna. Ártúnsskóli er heilsueflandi skóli og eitt meginmarkmið er að gefa börnum tækifæri á að kynnast og upplifa fjölbreytta hreyfingu og læra að njóta þess að hreyfa sig.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gera hreyfingu að daglegum þætti í leikskólastarfinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fjölbreytt hreyfing í íþróttahúsi, lengri og styttri gönguferðir og í útiveru. Festa göngur í skipulagi deilda. Einn dagur í viku er hreyfidagur, t.d. daginn sem við erum með íþróttahúsið í grunnskólanum.
Ábyrgð	Aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmenn meti að vetri loknum ávinning af hreyfingu skólaársins fyrir börnin. Samtal við börnin um upplifun þeirra af ánægju og getu í hreyfistundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Öll börn telji það sjálfsagðan hlut í starfinu að stunda fjölbreytta hreyfingu. Hreyfing stuðli að aukinni vellíðan leikskólabarna. Að stundirnar ýti undir aukna færni þeirra í félagslegum samskiptum, úthaldi, auka jákvæðni til hreyfingar og sjálfstæða hugsun.

F. h. leikskólans

HANNA SÖLEY HELGADÓTTIR

Leikskólastjóri

Ártúnsskóli
Reykjavík

06.07. 2026

Dagsetning

10.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027

Ártúnsskóli - leikskóladeild

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Árni Brynjúlfsson - formaður foreldrafélagsins

Sandra Ýr Gísladóttir - gjaldkeri foreldrafélagsins

Hörður Þór Jóhannsson - fulltrúi skólaráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, tel áherslur starfsáætlunar samræmast starfi leikskólans síðasta árs.
Mjög flott og skýr áætlun sem samræmist þeirri sem var fyrir síðasta ár. Hún gefur góða innsýn í það sem unnið er með í leikskólanum.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já hún er auðlesanleg og aðgengileg.
Hún er aðgengileg, auðlesanleg og gefur skýra mynd á það sem er vel gert, það sem á að bæta og það sem þið ætlið að halda áfram að vinna með.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Tel starfsáætlun gefa mjög góða innsýn inn í starfið fyrir foreldra.
Gefur góða innsýn í hvað er gert/ unnið með

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Engar frekari athugasemdir.
Mætti vera skýrara hvernig frekara samstarf við grunnskólann er hugsað og í hverju það felst. Einnig væri gaman að fá fleiri tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu enn betur.

Fulltrúar í foreldraráði:

Hörður Þór Jóhannsson
Sandra Ýr Gísladóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Sandra Ýr Gísladóttir
Hörður Þór Jóhannsson